Greining á launum byggist á upplýsingum um mánaðarlaun 1. maí 2004 (grunnlaun fyrir skatt); heildarlaun 1. maí 2004 (laun og aðrar greiðslur fyrir skatt) og árslaun fyrir árið 2003 fyrir skatt. Þegar svarendur voru spurðir um árslaun var þeim bent á að miða við reit 02 á launamiða frá launagreiðanda. Í greiningu á launum var miðað við þá sem voru í 70% starfi eða meira. Laun þeirra sem voru í 70-99% starfi voru vegin upp miðað við 100% starf til þess að ekki væri verið að setja laun þeirra sem eru í hlutastarfi að jöfnu við þeirra sem voru í fullu starfi. Langflestir svarendur voru í fullu starfi eða 67% og tæp 19% voru í 70-99% starfi. Um það bil 14% voru í lægra en 70% starfshlutfalli og var þeim sleppt í greiningu á launum. Þó var misjafnt milli félaga hve margir voru í minna en 70 starfshlutfalli. Þannig sögðust 22% félagsmanna í BSRB vera í lægra en 70% starfshlutfalli, 12% þeirra sem voru í BHM og 8% þeirra sem voru í KÍ. Ástæðan fyrir því að ákveðið var að sleppa fólki sem var í minna en 70% starfi er sú að launarannsóknir benda til þess að samsetning launa hjá fólki í hlutastarfi sé önnur en meðal fólks í fullu starfi (sjá t.d. Hrefna Guðmundsdóttir og Kristjana Stella Blöndal, 2001). Eins og komið hefur fram voru 75% svarenda konur og 25% karlar en þetta hlutfall breyttist lítillega þegar þeir sem voru í lægra en 70% starfshlutfalli voru ekki teknir með í reikninginn. Þegar einungis þeir sem svarendur sem í 70% starfshlutfalli eða meira voru teknir með í reikninginn voru konur 72% svarenda og karlar 28%.

1. Lesið úr launatöflum

Töflur V.1 og V.2 á bls.34-36 sem sýna launadreifingu eftir bakgrunnspáttum eru byggðar upp á sama hátt og gefa eftirfarandi upplýsingar:

Hér eru gefnar upplýsingar um meðalvinnutíma fólks í **100% starfi**. Átt er við unnar klukkustundir á viku, hvort sem greitt var fyrir yfirvinnu eða ekki.

Heildarlaun = mánaðarlaun+föst og breytileg yfirvinnulaun+vakta-/ bakvaktalaag, akstursgreiðslur og aðrar greiðslur.

Laun á mánuði í þús. kr.

	Fjöldi	Klist. á viku í fullu starfi	Mánaðarlaun				Heildarlaun					
			Meðaltal	Vikmörk	25% mörk	Miðtala	75% mörk	Meðaltal	Vikmörk	25% mörk	Miðtala	75% mörk
Kyn ***/**												
Karl	349	48	228 +/-6,9	175	222	266	336 +/-10,9	258	330	410		
Kona	954	44	206 +/-3,4	170	201	237	260 +/-6,0	196	241	306		
Aldur ***/**												
19-34 ára	246	44	194 +/-5,9	167	186	215	247 +/-10,5	182	231	290		
35-44 ára	316	45	210 +/-6,5	175	203	239	277 +/-10,6	209	261	333		
45-54 ára	441	47	221 +/-5,5	175	224	252	301 +/-10,0	225	281	359		
55 ára og eldri	291	46	215 +/-7,2	165	217	251	283 +/-12,5	208	256	352		
Búseta **/óm												
Höfuðborgarsvæðið	818	45	215 +/-3,9	174	210	248	281 +/-6,8	209	261	341		
Landsbyggð	483	46	206 +/-5,4	165	199	236	280 +/-9,8	203	258	340		

Í töflu V.1 er fjöldi miðaður við þann fjölda svarenda sem gaf upplýsingar um heildarlaun.

Vikmörk segja til um með 95% vissu á hvaða bili meðallaun liggja í heildarhópnum

Sýnishornið hér að ofan sem tekið er úr töflu V.1 sýnir meðalmánaðarlaun og meðalheildarlaun eftir nokkrum bakgrunnspáttum. Í efstu línunni má sjá að 349 karlar og 954 konur gáfu upplýsingar um heildarlaun. Karlar voru að jafnaði með 228 þús. kr. í mánaðarlaun og 336 þús. kr. í heildarlaun. Konur voru aftur á móti með 206 þús. kr. í meðalmánaðarlaun og 260 þús. kr. í meðalheildarlaun.

Miðtalan fyrir mánaðar- og heildarlaun sýnir þá tölu þar sem helmingur svarenda liggur fyrir neðan og helmingur fyrir ofan. Meðal 45-54 ára fólks er miðtalan 224 þús. kr. fyrir **mánaðarlaun** og 281 þús. kr. fyrir **heildarlaun**. Miðtalan fyrir **heildarlaun** er nokkru lægri en meðaltal **heildarlauna** (301 þús. kr.). Þegar meðaltalið er hærra en miðtalan sýnir það að launadreifingin er með þeim hætti að tiltölulega fámennur hópur fólks hefur há laun miðað við hópinn í heild sem dregur meðaltalið upp miðað við miðtöluna. Þá má sjá að fjórðungur fólks á aldrinum 45-54 ára er með 175 þús. kr. eða lægri **mánaðarlaun** (25% mörk) og 225 þús. kr. eða lægri **heildarlaun** á mánuði (25% mörk). Fjórðungur er svo með 252 þús. kr. eða hærri **mánaðarlaun** (75% mörk) og 359 þús. kr. eða hærri **heildarlaun** á mánuði (75% mörk). Vikmörkin gefa til

kynna að segja megi með 95% vissu að 45-54 ára félagsmenn í BHM, BSRB og KÍ séu með á bilinu 215,5-226,5 þús. kr. í **mánaðarlaun** og á bilinu 291-311 þús. kr. í **heildarlaun**. Þegar litið er á vinnutíma má sjá að fólk í umræddum aldurshópi sem er í fullu starfi vinnur að jafnaði 47 klst. á viku.

2. Mánaðar-, heildar- og árslaun

Að meðaltali voru mánaðarlaun félaga í BHM, BSRB og KÍ 212 þús. kr. (lægst 92 þús. kr. og hæst 690 þús. kr.), heildarlaun voru 281 þús. kr. (lægst 94 þús. kr. og hæst 865 þús. kr.) og árslaun 3.297 þús. kr. (lægst 1.034 þús. kr. og hæst 8.511 þús. kr.). Við túlkun á þessum niðurstöðum verður þó að hafa í huga að hér er um mjög ólíka hópa að ræða hvað snertir starf, menntun og fleira. Því er meira lýsandi að skoða launin eftir bakgrunnspáttum en sú greining er kynnt hér á eftir auk þess sem niðurstöðurnar eru sýndar í töflum V.1 og V.2 á bls. 34-36.

Nú verða kynntar niðurstöður greiningar á launum eftir bakgrunnspáttum. Eins og komið hefur fram er eingöngu fjallað um mun milli hópa ef hann er tölfræðilega marktækur. Í töflunum er merkt með stjörnu(m) ef munur er marktækur og *óm* ef munur er ekki fyrir hendi. Sjá nánar umfjöllun í kaflanum *Marktekt* bls.14. Í töflum V.1 og V.2 á bls. 34-36 vísa stjórnurnar vinstra megin við skástrikið til þess að marktækur munur er á mánaðarlaunum en stjórnurnar hægra megin við skástrikið vísa til þess að marktækur munur er á heildarlaunum.

Kyn: Greining á launum eftir bakgrunnspáttum leiddi í ljós að karlar voru með hærri meðallaun en konur og átti það við hvort sem litið er til mánaðarlauna, heildarlauna eða árslauna. Nánari greiningu á launamun kynjanna er að finna í kafla V.4.

Aldur: Þeir sem voru í yngsta aldurshópnum, 19-34 ára, voru að jafnaði með lægstu launin samanborið við aðra aldurshópa hvort sem litið er á mánaðarlaun, heildarlaun eða árslaun. Þeir sem voru 45-54 ára voru að jafnaði með hæstu heildar- og árslaunin.

Búseta og hjúskaparstaða: Þeir sem búsettir voru á höfuðborgarsvæðinu höfðu að jafnaði nokkuð hærri mánaðarlaun en þeir sem bjuggu á landsbyggðinni, en hvorki reyndist vera munur á heildarlaunum né árslaunum eftir búsetu. Þeir sem voru giftir eða í sambúð höfðu nokkuð hærri meðallaun á mánuði en aðrir, en sá munur var ekki til staðar þegar kom að heildarlaunum eða árslaunum.

Börn á framfæri: Þeir sem höfðu engin börn á framfæri sínu höfðu lægri meðalmánaðarlaun en þeir sem höfðu börn á framfæri sínu. Þegar kemur að heildarlaunum og árslaunum voru þeir sem höfðu 3-6 börn á framfæri með hærri meðallaun en bæði þeir sem ekki höfðu börn á framfæri og þeir sem höfðu færri en þrjú börn á framfæri.

Menntun: Meðalmánaðarlaun voru lægst hjá þeim sem ekki höfðu lokið námi eftir skyldunám og þeim sem höfðu lokið stuttu starfsnámi. Þessi hópur, auk þeirra sem lokið höfðu bóklegu framhaldsskólanámi, hafði að jafnaði bæði lægstu heildar- og árslaunin. Í öllum tilvikum voru þeir sem lokið höfðu lengra en þriggja ára háskólanámi með hæstu meðallaunin af menntaflokkunum sjö.

Starfsstétt: Hvort sem um var að ræða mánaðarlaun, heildarlaun eða árslaun voru stjórnendur og sérfræðingar með hæstu meðallaunin. Þeir sem höfðu að jafnaði lægstu meðallaunin voru skrifstofufólk, starfsfólk við umsjón, þjónustu eða afgreiðslu og ósérhæft starfsfólk.

Atvinnugrein stofnunar/fyrirtækis: Ekki var munur á mánaðarlaunum fólks eftir því innan hvaða atvinnugreinar það starfaði. Aftur á móti voru þeir sem störfuðu innan menntageirans með lægri heildarlaun en fólk í öðrum atvinnugreinum og sá hópur var einnig með lægri árslaun en þeir sem störfuðu við opinbera stjórnsýslu í ráðuneytum og sveitarfélögum og í annarri opinberri stjórnsýslu.

Rekstrarform: Greining á mánaðarlaunum eftir rekstrarformi sýndi að þeir sem störfuðu hjá einkafyrirtæki höfðu að jafnaði hæstu mánaðarlaunin, en lægst voru mánaðarlaunin hjá þeim sem störfuðu hjá hlutafélagi í eigu hins opinbera. Þeir sem störfuðu hjá ríkisstofnun, félagasamtökum/sjálfsseignarstofnun eða einkafyrirtæki höfðu hæstu meðallaunin þegar litið er til bæði heildarlauna og árslauna. Þeir sem störfuðu hjá hlutafélagi í eigu hins opinbera höfðu að jafnaði lægstu árslaunin. Vert er að benda á að þessi greining byggir í sumum tilvikum á mjög fámennum hópum þar sem fáir svarendur unnu hjá hlutafélagi í eigu hins opinbera, sameignarfélagi eða byggðasamlagi eða í einkafyrirtæki. Auk þess voru mjög ólíkar starfsstéttir innan þessara hópa. Hugsanlega má því rekja þann mun sem fram kom á launum á milli hlutafélaga í eigu hins opinbera og einkafyrirtækja meira til ólíkra starfsstétta en rekstrarforms.

Heildarfjöldi starfsmanna: Munur reyndist á launum fólks eftir heildarfjölda starfsmanna á vinnustað. Þar sem starfsmenn voru 101-500 talsins voru mánaðarlaunin að jafnaði hærri en á mjög fjölmennum vinnustöðum (fleiri en 500

starfsmenn) og á fámönnum vinnustöðum (20 eða færri starfsmenn). Þegar litið er á heildarlaun voru launin þar sem starfsmenn voru 101-500 talsins að jafnaði hæst auk þess sem árslaun þar voru hærri en á vinnustöðum með 100 eða færri starfsmenn.

Kynjahlutfall á deild/starfsstöð: Meðalmánaðarlaun voru hæst á þeim deildum/starfsstöðvum þar sem kynjahlutfallið var svipað eða þar sem karlar voru í nokkrum meirihluta en lægst þar sem annað kynið var í miklum meirihluta. Annað gildi þegar litið var til meðalheildarlauna og meðalárslauna en þar voru launin lægst þar sem konur voru í nokkrum eða miklum meirihluta.

Tafla V.1. Mánaðarlaun og heildarlaun eftir bakgrunnspáttum

Laun á mánuði í þús. kr.

	Fjöldi	Klst. á viku í fullu starfi	Mánaðarlaun					Heildarlaun				
			Meðaltal	Vik-mörk	25% mörk	Miðtala	75% mörk	Meðaltal	Vik-mörk	25% mörk	Miðtala	75% mörk
Kyn ***/**												
Karl	349	48	228	+/-6,9	175	222	266	336	+/-10,9	258	330	410
Kona	954	44	206	+/-3,4	170	201	237	260	+/-6,0	196	241	306
Aldur ***/**												
19-34 ára	246	44	194	+/-5,9	167	186	215	247	+/-10,5	182	231	290
35-44 ára	316	45	210	+/-6,5	175	203	239	277	+/-10,6	209	261	333
45-54 ára	441	47	221	+/-5,5	175	224	252	301	+/-10,0	225	281	359
55 ára og eldri	291	46	215	+/-7,2	165	217	251	283	+/-12,5	208	256	352
Búseta **/óm												
Höfuðborgarsvæðið	818	45	215	+/-3,9	174	210	248	281	+/-6,8	209	261	341
Landsbyggð	483	46	206	+/-5,4	165	199	236	280	+/-9,8	203	258	340
Giftur/sambúð? */óm												
Já	1038	46	213	+/-3,6	172	208	245	283	+/-6,3	211	262	342
Nei	258	45	205	+/-6,5	167	200	238	270	+/-12,2	192	253	330
Fjöldi barna á framfæri **/*												
Ekkert barn á framfæri	502	46	204	+/-5,2	160	199	241	270	+/-8,9	198	250	327
1-2 börn	593	45	217	+/-4,7	179	209	246	286	+/-8,2	211	266	347
3-6 börn	195	45	216	+/-7,7	178	214	245	290	+/-15,0	212	272	344
Menntun ***/**												
Grunnskólapróf	92	46	161	+/-14,1	126	147	178	214	+/-19,6	143	193	239
Stutt starfsmenntun	108	42	151	+/-5,1	131	146	170	200	+/-12,9	149	183	235
Lengri starfsm. á framh.- og sérskólastigi	62	48	185	+/-8,6	165	171	205	302	+/-28,3	226	275	357
Iðnmenntun	59	48	184	+/-11,8	152	172	213	302	+/-31,1	211	270	394
Bókleg framhaldsskólamenntun	82	45	167	+/-7,4	144	170	189	226	+/-17,2	171	207	270
3ja ára eða minni háskólamenntun	571	45	218	+/-3,6	186	215	241	278	+/-7,5	215	256	323
Lengri háskólamenntun	308	46	259	+/-6,1	219	249	288	341	+/-10,9	265	329	406
Starfsstétt ***/**												
Stjórnendur	282	48	253	+/-7,7	199	246	292	347	+/-12,6	270	343	413
Kennarar	327	46	210	+/-3,5	186	213	234	256	+/-8,2	208	238	283
Sérfræðingar	325	45	236	+/-5,4	205	233	258	310	+/-10,2	247	290	360
Sérmenntað starfsfólk	162	45	177	+/-5,2	156	171	187	263	+/-15,6	182	237	317
Skrifstofufólk	75	43	155	+/-6,4	132	156	173	184	+/-10,8	147	178	207
Starfsfólk við umsjón, þjónustu, afgreiðslu	90	46	143	+/-7,0	125	134	155	212	+/-18,4	144	201	248
Ósérhæft starfsfólk	37	46	139	+/-5,4	129	134	141	187	+/-21,3	135	163	219

Tafla V.1. Framhald

	Laun á mánuði í þús. kr.											
	Fjöldi	Klst. á viku í fullu starfi	Mánaðarlaun					Heildarlaun				
			Meðaltal	Vik-mörk	25% mörk	Miðtala	75% mörk	Meðaltal	Vik-mörk	25% mörk	Miðtala	75% mörk
Atvinnugrein stofnunar/fyrirtækis óm/***												
Heilbrigðis- eða félagsgeirinn	357	45	213	+/-5,9	174	207	246	300	+/-11,4	221	282	364
Mennta- eða menningargeirinn	573	46	214	+/-4,5	180	214	241	260	+/-7,1	201	242	306
Opinb. stjórnýsla í ráðuneytum og sveitarf.	79	46	218	+/-13,9	161	217	280	305	+/-22,8	227	294	366
Önnur opinber stjórnýsla	91	46	201	+/-10,8	160	190	230	308	+/-25,4	191	273	400
Önnur opinber þjónusta	80	46	205	+/-14,0	164	189	247	285	+/-21,5	209	261	372
Rekstraraðili ***/***												
Ríkisstofnun	610	46	220	+/-4,3	181	215	252	309	+/-8,6	226	294	377
Sveitarfélag	529	45	203	+/-4,9	166	199	231	251	+/-7,2	194	235	288
Hlutafélag í eigu hins opinbera	27	47	150	+/-15,0	112	141	173	223	+/-45,8	133	181	235
Félagasamtök eða sjálfseignarstofnun	63	43	212	+/-10,7	171	215	246	286	+/-26,1	212	261	323
Sameignarfélag eða byggðasamlag	33	48	183	+/-15,6	151	180	209	273	+/-29,9	210	277	310
Einkafyrirtæki	30	46	296	+/-32,0	224	283	361	335	+/-39,4	257	290	411
Heildarfjöldi starfsmanna **/***												
20 eða færri starfsmenn	199	46	202	+/-8,2	163	192	233	272	+/-13,6	203	251	327
21-50 starfsmenn	253	45	214	+/-9,0	163	210	246	264	+/-13,0	191	242	313
51-100 starfsmenn	354	46	216	+/-5,3	180	215	245	270	+/-9,6	203	250	321
101-500 starfsmenn	271	46	220	+/-6,6	174	216	254	318	+/-13,7	236	288	393
Fleiri en 500 starfsmenn	191	46	204	+/-6,9	171	200	234	289	+/-13,8	214	276	357
Kynjahlutfall á deild/starfsstöð ***/***												
Mikill meirihluti starfsfólks eru konur	773	44	206	+/-4,1	170	200	236	261	+/-6,9	195	243	309
Nokkur meirihluti eru konur	173	46	215	+/-7,8	178	214	244	281	+/-14,2	211	258	332
Það er svipað hlutfall karla og kvenna	172	47	231	+/-9,9	176	229	272	313	+/-15,4	229	305	402
Nokkur meirihluti eru karlar	63	48	228	+/-14,6	177	235	274	323	+/-29,2	240	292	388
Mikill meirihluti starfsfólks eru karlar	116	49	206	+/-9,7	165	194	237	341	+/-19,1	270	322	401

**Tafla V.2. Árslau
eftir bakgrunnspáttum**

Laun á síðasta ári í þús. kr.

	Fjöldi	Meðaltal	Vik- mörk	25% mörk	Miðtala	75% mörk		Fjöldi	Meðaltal	Vik- mörk	25% mörk	Miðtala	75% mörk
Kyn ***							Starfsstétt ***						
Karl	272	3.941	+/-133	3.139	3.800	4.694	Stjórnendur	207	4.031	+/-152	3.200	3.957	4.781
Kona	592	3.001	+/-86	2.220	2.831	3.594	Kennarar	192	2.930	+/-103	2.414	2.810	3.287
Aldur ***							Sérfræðingar	209	3.712	+/-147	3.001	3.577	4.231
19-34 ára	135	2.871	+/-151	2.215	2.689	3.404	Sérmenntað starfsfólk	114	3.067	+/-204	2.160	2.777	3.889
35-44 ára	181	3.217	+/-155	2.470	3.092	3.844	Skrifstofufólk	53	2.149	+/-161	1.725	2.074	2.436
45-54 ára	326	3.517	+/-133	2.674	3.333	4.228	Stfólk v. umsjón, þjónustu, afgreiðslu	58	2.490	+/-288	1.609	2.421	2.911
55 ára og eldri	216	3.312	+/-164	2.375	3.093	4.130	Ósérhæft starfsfólk	29	2.064	+/-222	1.626	1.878	2.467
Búseta óm							Atvinnugrein ***						
Höfuðborgarsvæðið	549	3.344	+/-97	2.500	3.200	4.017	Heilbrigðis- eða félagsgeirinn	223	3.484	+/-164	2.662	3.338	4.067
Landsbyggð	314	3.216	+/-130	2.363	3.002	3.800	Mennta- eða menningargeirinn	358	3.057	+/-102	2.400	2.867	3.600
Giftur/sambúð? óm							Opinb. stjórns. í ráðuneytum og sveitarf	61	3.676	+/-327	2.736	3.652	4.388
Já	690	3.318	+/-89	2.498	3.121	4.000	Önnur opinber stjórnsýsla	66	3.631	+/-326	2.359	3.470	4.676
Nei	168	3.188	+/-158	2.414	3.067	3.817	Önnur opinber þjónusta	64	3.354	+/-268	2.220	3.291	4.294
Fjöldi barna á framfæri **							Rekstraraðili ***						
Ekkert barn á framfæri	353	3.134	+/-117	2.256	2.967	3.842	Ríkisstofnun	415	3.607	+/-118	2.678	3.500	4.409
1-2 börn	391	3.393	+/-116	2.559	3.215	4.093	Sveitarfélag	330	2.983	+/-105	2.323	2.823	3.583
3-6 börn	112	3.434	+/-215	2.553	3.279	4.080	Hlutfélag í eigu hins opinbera	24	2.437	+/-500	1.536	2.054	2.766
Menntun ***							Félagasamtök eða sjálfseignarstofnun	44	3.291	+/-332	2.699	3.157	3.623
Grunnskólapróf	60	2.277	+/-194	1.639	2.049	2.727	Sameignarfélag eða byggðasamlag	24	2.869	+/-312	2.264	2.804	3.488
Stutt starfsmenntun	81	2.364	+/-169	1.757	2.158	2.734	Einkafyrirtæki	18	3.971	+/-566	3.032	3.540	4.950
Lengri starfsm. framh.- og sérskólast.	47	3.375	+/-344	2.626	3.132	3.943	Heildarfjöldi starfsmanna ***						
Iðnmenntun	38	3.424	+/-365	2.521	3.401	4.229	20 eða færri starfsmenn	132	3.175	+/-184	2.404	2.850	3.823
Bókleg framhaldsskólamenntun	53	2.624	+/-234	2.031	2.380	3.044	21-50 starfsmenn	152	3.145	+/-181	2.351	3.043	3.787
3ja ára eða minni háskólamenntun	352	3.299	+/-104	2.590	3.089	3.817	51-100 starfsmenn	236	3.190	+/-136	2.456	3.000	3.798
Lengri háskólamenntun	219	4.060	+/-152	3.215	3.888	4.824	101-500 starfsmenn	197	3.594	+/-183	2.666	3.480	4.284
							Fleiri en 500 starfsmenn	127	3.447	+/-200	2.540	3.416	4.137
							Kynjahlutfall deild/starfsst. ***						
							Mikill meirihluti starfsfólks eru konur	483	3.041	+/-98	2.229	2.851	3.652
							Nokkur meirihluti eru konur	120	3.248	+/-200	2.468	2.994	3.791
							Það er svipað hlutfall karla og kvenna	118	3.835	+/-216	2.855	3.639	4.791
							Nokkur meirihluti eru karlar	47	3.549	+/-343	2.623	3.500	4.000
							Mikill meirihluti starfsfólks eru karlar	88	3.924	+/-228	3.209	3.894	4.532

3. Föst yfirvinna og fastar akstursgreiðslur


Þátttakendur voru annars vegar spurðir hvort þeir fengju greidda fasta yfirvinnu í aðalstarfi sínu hvort sem þeir ynnu yfirvinnu eða ekki og hins vegar hvort þeir fengju fastar akstursgreiðslur í aðalstarfi sínu. Tæpur þriðjungur fékk greidda fasta yfirvinnu og 11% svarenda fékk fastar akstursgreiðslur. Niðurstöður bakgrunnsgreiningar eru sýndar í bakgrunnstöflum V.3 - V.8, bls.40-43.

Kyn: Meira en þriðjungur karla fékk greidda fasta yfirvinnu á móti rúmlega fjórðungi kvenna auk þess sem að jafnaði tvöfalt fleiri karlar en konur fengu akstursgreiðslur (19% karla á móti 9% kvenna).

Aldur: Eftir því sem svarendur voru eldri því algengara var að þeir fengju fastar akstursgreiðslur. Elsti hópurinn, 55 ára og eldri, var þó undantekning þar sem færri í þeim aldurshópi fengu fastar akstursgreiðslur en í hópnum 45-54 ára. Ekki var munur eftir aldri á því hvort fólk fékk fastar yfirvinnugreiðslur.

Heildarlaun á mánuði: Eftir því sem heildarlaun svarenda á mánuði voru hærri því algengara var að þeir fengju fastar yfirvinnugreiðslur. Auk þess fengu þeir helst fastar akstursgreiðslur sem voru með 300 þús. kr. eða meira í heildarlaun á mánuði. Af þeim sem voru með meira en 400 þús. kr. á mánuði í heildarlaun fékk helmingur greidda fasta yfirvinnu en um einn af hverjum tíu af þeim sem voru með 150 þús. kr. eða minna í heildarlaun. Um 26% þeirra sem voru í hæsta tekjuflokki fengu fastar akstursgreiðslur en á bilinu 2-10% þeirra sem fengu 300 þús. kr. eða minna í heildarlaun á mánuði.

Starfsstétt: Ekki var marktækur munur eftir menntun en eins og sjá má á mynd V.1 voru það stjórnendur sem helst fengu greidda fasta yfirvinnu eða fastar akstursgreiðslur samanborið við aðrar starfsstéttir. Kennarar voru sú starfsstétt sem síst fékk greidda fasta yfirvinnu eða akstursgreiðslur.



Mynd V.1. Hlutfall þeirra sem fengu greidd föst yfirvinnulaun og/eða fastar akstursgreiðslur

Atvinnugrein stofnunar/fyrirtækis: Þeir sem störfuðu við opinbera stjórnsýslu í ráðuneytum og sveitarfélögum fengu helst fastar yfirvinnugreiðslur og fastar akstursgreiðslur samanborið við aðrar atvinnugreinar. Minnst var um slíkar greiðslur hjá þeim sem störfuðu innan menntageirans.

Rekstrarform: Um þriðjungur þeirra sem störfuðu hjá ríkisstofnunum og félagasamtökum eða sjálfseignarstofnunum fengu greidda fasta yfirvinnu en ekki nema fjórðungur þeirra sem vann hjá sveitarfélögum. Þeir sem störfuðu hjá félagasamtökum eða sjálfseignarstofnunum fengu frekar fastar akstursgreiðslur en þeir sem störfuðu hjá ríkisstofnunum eða sveitarfélögum.

Heildar fjöldi starfsmanna: Þeir sem störfuðu á vinnustöðum með á bilinu 51-100 starfsmenn fengu síður greidda fasta yfirvinnu en aðrir. Þeir sem störfuðu á vinnustöðum þar sem starfsmenn voru á bilinu 21-100 fengu síður greidda fasta yfirvinnu eða fastar akstursgreiðslur en þeir sem störfuðu á fámennari eða fjölmennari vinnustöðum.

Fjöldi starfsmanna á deild/starfsstöð: Um þriðjungur þeirra sem störfuðu á deild/starfsstöð þar sem starfsmenn voru 20 eða færri fengu greidda fasta yfirvinnu en innan við fjórðungur þar sem deildin/starfsstöðin var fjölmennari. Þegar kemur að akstursgreiðslum reyndist ekki vera munur eftir stærð deildar/starfsstöðvar.

Kynjahlutfall á deild/starfsstöð: Á þeim deildum/starfsstöðvum þar sem karlar voru í miklum meirihluta voru fastar akstursgreiðslur algengastar. Hvað varðar

greiðslur fyrir fasta yfirvinnu reyndist ekki munur eftir því hvort fólk starfaði á kvenna- eða karlavinnustað.

Tafla V.3. Færð þú greidda fasta yfirvinnu í aðalstarfi þínu hvort sem þú vinnur yfirvinnu eða ekki?

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Hlutfall sem svarar</i>	<i>Vikmörk +/- %</i>
Já	459	28,0	28,8	+/-2,2
Nei	1134	69,2	71,2	+/-2,2
Er ekki í ákveðnu starfshlutfalli	17	1,0		
Svarar ekki	28	1,7		
Samtals	1638	100%	100%	

Tafla V.4. Færð þú greidda fasta yfirvinnu í aðalstarfi þínu hvort sem þú vinnur yfirvinnu eða ekki?

	<i>Já</i>	<i>Nei</i>	<i>Fjöldi</i>
<i>Kyn***</i>			
Karlar	36,9%	63,1%	382
Konur	26,4%	73,6%	1206
<i>Aldur</i>			
19-34 ára	30,2%	69,8%	308
35-44 ára	27,2%	72,8%	378
45-54 ára	31,7%	68,3%	520
55 ára og eldri	26,0%	74,0%	369
<i>Búseta</i>			
Höfuðborgarsvæðið	29,9%	70,1%	999
Landsbyggðin	27,0%	73,0%	586
<i>Gift/sambúð</i>			
Já	29,2%	70,8%	1269
Nei	26,8%	73,2%	310
<i>Börn á framfæri</i>			
Ekkert barn á framfæri	27,8%	72,2%	615
1-2 börn	31,4%	68,6%	704
3-6 börn	24,5%	75,5%	253
<i>Heildarlaun á mánuði***</i>			
kr. 150.000 eða minna	10,1%	89,9%	79
kr. 150.001 til 200.000	21,5%	78,5%	205
kr. 200.001 til 250.000	22,2%	77,8%	311
kr. 250.001 til 300.000	33,9%	66,1%	251
kr. 300.001 til 400.000	39,6%	60,4%	273
Meira en kr. 400.000	50,0%	50,0%	176
<i>Menntun</i>			
Grunnskólapróf	26,9%	73,1%	119
Stutt starfsmenntun	28,9%	71,1%	149
Lengri starfsmenntun á framhalds- og sérskólastigi	29,8%	70,2%	94
Iðnmenntun	36,8%	63,2%	68
Bókleg framhaldsskólamenntun	35,2%	64,8%	108
3ja ára eða styttri háskólamenntun	35,2%	64,8%	662
Lengri háskólamenntun	25,2%	74,8%	361

Tafla V.5. Færð þú greidda fasta yfirvinnu í aðalstarfi þínu hvort sem þú vinnur yfirvinnu eða ekki?

	<i>Já</i>	<i>Nei</i>	<i>Fjöldi</i>
<i>Starfsstétt***</i>			
Stjórnendur	51,9%	48,1%	310
Kennarar	12,3%	87,7%	373
Sérfræðingar	27,8%	72,2%	395
Sérmenntað starfsfólk	31,6%	68,4%	212
Skrifstofufólk	33,7%	66,3%	98
Starfsfólk v. umsjón/þjónustu/afgreiðslu	20,4%	79,6%	142
Ósérhæft starfsfólk	22,4%	77,6%	49
<i>Atvinnugrein stofnunar/fyrirtækis***</i>			
Heilbrigðis- og félagsgeirinn	29,9%	70,1%	472
Menntageirinn	18,9%	81,1%	684
Opinb. stjórnsýsla í ráðuneytum og sveitarfélögum	67,4%	32,6%	92
Önnur opinber stjórnsýsla	52,0%	48,0%	100
Önnur opinber þjónusta	35,7%	64,3%	98
<i>Rekstrarform**</i>			
Ríkisstofnun	32,4%	67,6%	744
Sveitarfélag	25,2%	74,8%	635
Félagasamtök eða sjálfseignarstofnun	33,3%	66,7%	81
<i>Heildarfjöldi starfsmanna***</i>			
20 eða færri starfsmenn	30,8%	69,2%	247
21-50 starfsmenn	27,0%	73,0%	318
51-100 starfsmenn	19,5%	80,5%	405
101-500 starfsmenn	38,2%	61,8%	325
Fleiri en 500 starfsmenn	32,8%	67,2%	235
<i>Fjöldi starfsmanna á deild/starfsstöð*</i>			
5 eða færri starfsmenn	30,0%	70,0%	297
6-10 starfsmenn	34,5%	65,5%	345
11-20 starfsmenn	32,1%	67,9%	315
21-50 starfsmenn	24,6%	75,4%	391
Fleiri en 50 starfsmenn	22,4%	77,6%	143
<i>Kynjahlutfall á deild/starfsstöð</i>			
Mikill meirihluti eru konur	26,4%	73,6%	975
Nokkur meirihluti eru konur	31,8%	68,2%	195
Svipað kynjahlutfall	33,2%	66,8%	208
Nokkur meirihluti eru karlar	35,6%	64,4%	73
Mikill meirihluti eru karlar	33,3%	66,7%	126

Tafla V.6. Færð þú fastar akstursgreiðslur í aðalstarfi þínu?

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Hlutfall sem svarar</i>	<i>Vikmörk +/- %</i>
Já	180	11,0	11,3	+/-1,6
Nei	1409	86,0	88,7	+/-1,6
Er ekki í ákveðnu starfshlutfalli	17	1,0		
Svarar ekki	32	2,0		
Samtals	1638	100%	100%	

Tafla V.7. Færð þú fastar akstursgreiðslur í aðalstarfi þínu?

	<i>Já</i>	<i>Nei</i>	<i>Fjöldi</i>
<i>Kyn***</i>			
Karlar	19,0%	81,0%	378
Konur	9,0%	91,0%	1206
<i>Aldur**</i>			
19-34 ára	6,8%	93,2%	311
35-44 ára	10,6%	89,4%	378
45-54 ára	14,3%	85,7%	517
55 ára og eldri	12,3%	87,7%	365
<i>Búseta</i>			
Höfuðborgarsvæðið	10,9%	89,1%	993
Landsbyggðin	12,2%	87,8%	588
<i>Gift/sambúð</i>			
Já	11,7%	88,3%	1263
Nei	9,6%	90,4%	312
<i>Börn á framfæri</i>			
Ekkert barn á framfæri	12,5%	87,5%	610
1-2 börn	10,6%	89,4%	706
3-6 börn	10,3%	89,7%	253
<i>Heildarlaun á mánuði***</i>			
kr. 150.000 eða minna	9,9%	90,1%	81
kr. 150.001 til 200.000	1,5%	98,5%	204
kr. 200.001 til 250.000	5,8%	94,2%	308
kr. 250.001 til 300.000	10,0%	90,0%	249
kr. 300.001 til 400.000	22,0%	78,0%	273
Meira en kr. 400.000	25,6%	74,4%	176
<i>Menntun</i>			
Grunnskólapróf	9,5%	90,5%	116
Stutt starfsmenntun	11,3%	88,7%	151
Lengri starfsmenntun á framhalds- og sérskólastigi	14,9%	85,1%	94
Iðnmenntun	19,1%	80,9%	68
Bókleg framhaldsskólamenntun	9,2%	90,8%	109
3ja ára eða styttri háskólamenntun	9,8%	90,2%	660
Lengri háskólamenntun	13,4%	86,6%	359

Tafla V.8. Færð þú fastar akstursgreiðslur í aðalstarfi þínu?

	<i>Já</i>	<i>Nei</i>	<i>Fjöldi</i>
<i>Starfsstétt***</i>			
Stjórnendur	25,5%	74,5%	310
Kennarar	2,4%	97,6%	374
Sérfræðingar	10,0%	90,0%	391
Sérmenntað starfsfólk	11,4%	88,6%	211
Skrifstofufólk	12,4%	87,6%	97
Starfsfólk v. umsjón/þjónustu/afgreiðslu	9,8%	90,2%	143
Ósérhæft starfsfólk	6,1%	93,9%	49
<i>Atvinnugrein stofnunar/fyrirtækis***</i>			
Heilbrigðis- og félagsgeirinn	12,4%	87,6%	468
Menntageirinn	6,0%	94,0%	686
Opinb. stjórnsýsla í ráðuneytum og sveitarfélögum	26,4%	73,6%	91
Önnur opinber stjórnsýsla	9,2%	90,8%	98
Önnur opinber þjónusta	22,4%	77,6%	98
<i>Rekstrarform**</i>			
Ríkisstofnun	8,6%	91,4%	741
Sveitarfélag	11,4%	88,6%	634
Félagasamtök eða sjálfseignarstofnun	21,5%	78,5%	79
<i>Heildarfjöldi starfsmanna***</i>			
20 eða færri starfsmenn	16,2%	83,8%	247
21-50 starfsmenn	8,8%	91,2%	319
51-100 starfsmenn	5,8%	94,2%	398
101-500 starfsmenn	16,3%	83,7%	326
Fleiri en 500 starfsmenn	11,9%	88,1%	236
<i>Fjöldi starfsmanna á deild/starfsstöð</i>			
5 eða færri starfsmenn	11,1%	88,9%	296
6-10 starfsmenn	12,7%	87,3%	346
11-20 starfsmenn	11,5%	88,5%	313
21-50 starfsmenn	11,5%	88,5%	392
Fleiri en 50 starfsmenn	10,6%	89,4%	141
<i>Kynjahlutfall á deild/starfsstöð**</i>			
Mikill meirihluti eru konur	9,9%	90,1%	971
Nokkur meirihluti eru konur	9,7%	90,3%	196
Svipað kynjahlutfall	14,4%	85,6%	208
Nokkur meirihluti eru karlar	11,1%	88,9%	72
Mikill meirihluti eru karlar	19,8%	80,2%	126


4. Greining á launamun kynjanna

Í þessari greiningu á launamun kynjanna meðal félagsmanna í BHM, BSRB og KÍ voru eingöngu notaðar upplýsingar um fólk í fullu starfi til að hafa sem sambærilegastan hóp en konur voru mun frekar í hlutastörfum en karlar.

Meðal fólks í fullu starfi voru karlar að jafnaði með 10% hærri mánaðarlaun en konur; meðalmánaðarlaun karla voru 228.748 kr. en kvenna 208.112 kr. Munur á heildarlaunum eftir kyni var mun meiri en á mánaðarlaunum. Karlar voru að meðaltali með 28% hærri heildarlaun en konur; meðalheildarlaun karla voru 334.760 kr. en kvenna 261.213 kr.


Leiðréttur kynbundinn launamunur: Meðal fólks í fullu starfi var nokkur munur á því hvaða störfum karlar og konur gegndu, hvaða menntun þau höfðu og hver vinnutími þeirra var. Auk þess var meðalaldur karla hærri en kvenna. Þetta eru allt þættir sem hafa áhrif á laun fólks. Til að taka tillit til þess við mat á kynbundnum launamuni var reiknaður svokallaður leiðréttur launamunur kynjanna með tölfræðiaðferðinni aðhvarfsgreiningu. Þá er átt við þann mun á launum karla og kvenna sem væri til staðar ef enginn munur væri á körlum og konum á framangreindum þáttum.

Á mynd V.2 má sjá menntun karla og kvenna í fullu starfi. Hlutfallslega flestir voru með háskólamenntun. Mun herra hlutfall karla var með bóklega- eða verklega framhaldsskólamenntun en mun herra hlutfall kvenna var með 3ja ára eða styttri háskólamenntun.



Mynd V.2. Menntun karla og kvenna í fullu starfi

Flestir þeirra sem voru í fullu starfi voru stjórnendur og sérfræðingar eins og sjá má á mynd V.3. Konur voru frekar en karlar í sérfræði- eða skrifstofustörfum. Á hinn bóginn voru hlutfallslega fleiri karlar í stjórnunarstörfum, í störfum sem kröfðust sérmenntunar og í umsjón, þjónustu eða afgreiðslu.




Mynd V.3. Starfsstéttir karla og kvenna í fullu starfi

Meðal fólks í fullu starfi unnu karlar lengri vinnutíma en konur en meðaleftirvinnustundir karla á mánuði voru 45 á meðan konur unnu að jafnaði 31 eftirvinnustund. Jafnframt fékk nokkuð hærra hlutfall karla en kvenna vakta- og/eða bakvaktaálag (17% samanborið við 13%). Meðalaldur karla var nokkuð hærri en kvenna (47,5 ára samanborið við 42,5 ára).

Eins og fyrr sagði höfðu karlar að jafnaði 28% hærri heildarlaun en konur. Leiðréttur kynbundinn munur á heildarlaunum var reiknaður þar sem tekið var tillit til starfs, menntunar, aldurs, eftirvinnustunda og vakta- og/eða bakvaktarálags. Niðurstöður voru þær að meðal fólks í fullu starfi var kynbundinn munur á heildarlaunum að jafnaði 17% (+/-4,2). Með öðrum orðum, meðal fólks í sambærilegum störfum, með samsvarandi menntun og vinnutíma og á svipuðum aldri voru karlar með 17% hærri heildarlaun en konur að meðaltali. Útreikningar á vikið benti til þess með 95% vissu að leiðrétti munurinn væri á bilinu 12,8-21,2% meðal félagsmanna í BHM, BSRB og KÍ. Lengri vinnutími karla en kvenna var sá þáttur sem vó þyngst í að minnka kynbundna launamuninn.

Auk þess að kanna áhrif menntunar, aldurs og vinnutíma á heildarlaun var kannað hvort starf hefði sömu áhrif á laun karla og kvenna. Svo reyndist ekki vera eins og sjá má á mynd V.4 sem sýnir að leiðréttur launamunur eftir kyni var meiri meðal sérmenntaðs starfsfólks en í öðrum starfsstéttum.



Mynd V.4. Heildarlaun karla og kvenna í fullu starfi eftir starfsstétt að teknu tilliti til aldurs, vinnutíma og menntunar

Leiðréttur launamunur var einnig reiknaður fyrir mánaðarlaun fólks í fullu starfi. Karlar voru að jafnaði með 10% hærri mánaðarlaun en konur. Að teknu tilliti til starfs, menntunar og aldurs var kynbundinn munur á mánaðarlaunum að meðaltali 7,2% (+/- 2,6). Það má því segja að á meðal fólks í fullu starfi með samsvarandi menntun og starf og á svipuðum aldri voru karlar að jafnaði með 7% hærri mánaðarlaun. Vikmörk benda til þess að með 95% vissu var munurinn á bilinu 4,6-9,8% meðal félagsmanna í BHM, BSRB og KÍ.

5. Samanburður við VR

Þær launakannanir sem gerðar hafa verið fyrir VR eru einu kannanirnar þar sem notast er við sambærilega gagnasöfnun og aðferðafræði og hér er gert. Í öðrum rannsóknum, ólíkt þessari, er notast við bókhaldsgögn en þar er m.a. notast við skráðan vinnutíma þar sem e.t.v. er reiknað með fastri yfirvinnu hvort sem hún er unnin eða ekki. Í rannsóknum sem þessari og þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið fyrir VR er aftur á móti notast við þann vinnutíma sem svarandi sjálfur greinir frá að sé unnin, hvort sem gert er ráð fyrir yfirvinnustundum í heildarlaunum eða ekki.

Í könnun sem unnin var fyrir Verzlunarmannafélag Reykjavíkur (VR) árið 2004 kom fram að meðal fólks í fullu starfi hjá VR voru karlar að jafnaði með um 22% hærri heildarlaun en konur (VR, 2004). Í sambærilegum könnunum sem gerðar voru fyrir VR kom fram að árið 2003 var þessi munur einnig 22%, árið 2001 var hann

24,5% og 26% árið 2000 (Andrea G. Dofradóttir, Eva Heiða Önnudóttir, Friðrik H. Jónsson, Kristjana Stella Blöndal og Ævar Þórólfsson, 2003). Munurinn á **heildar**launum karla og kvenna hjá VR árið 2004 var minni en hjá BHM, BSRB og KÍ en þar var munurinn 28% og er það nær þeim mun sem kom fram hjá félagsmönnum VR árið 2000.

Meðal VR félaga árið 2004 var kynbundinn munur á **heildar**launum að jafnaði 15% þegar tekið hafði verið tillit til starfs, atvinnugreinar, menntunar, aldurs og vinnutíma (VR, 2004). Árið 2003 var þessi munur að jafnaði 14% (+/-2,0%) og var munurinn sá sami þegar litið var til **mánaðar**launa. Árið 2001 var þessi munur á **heildar**launum 16% og árið 2001 var hann 18% (Andrea G. Dofradóttir o.fl., 2003). Í VR könnuninni árið 2004 var, ólíkt fyrri árum, tekið tillit til atvinnugreinar en ekki starfsaldurs. Samkvæmt þessu er ekki marktækur munur á leiðréttum kynbundnum launamun hjá félagsmönnum VR annars vegar og félagsmönnum BHM, BSRB og KÍ hins vegar þegar litið er til **heildar**launa. Munurinn var þó meiri hjá VR árið 2003 en hjá BHM, BSRB og KÍ hvað varðar **mánaðar**laun en þegar búið er að taka tillit til starfs, menntunar, aldurs og vinnutíma er kynbundinn munur á **mánaðar**launum hjá BHM, BSRB og KÍ um 7% samanborett við 14% hjá VR.

Árið 2000 unnu félagsmenn VR að jafnaði 44 klst. á viku og árið 2001 var meðalvinnuvikan komin niður í 42,7 klst. Eftir árið 2001 hefur meðalvinnutími félagsmanna VR farið hækkandi, árið 2003 var hann kominn í 43,2 klst. á viku og árið 2004 mældist hann 44,8 klst. (VR, 2004). Árið 2003 unnu karlar í VR að jafnaði 45,2 klst. á viku en konur 41,7 klst. (Andrea G. Dofradóttir o.fl., 2003). Ekki kom fram munur á félagsmönnum VR árið 2004 og félagsmönnum BHM, BSRB og KÍ hvað snerti vinnutíma en félagsmenn BHM, BSRB og KÍ unnu að jafnaði 45,1 klst. á viku. Karlarnir unnu að jafnaði 48 klst. sem er meira en karlar í VR gerðu árið 2003 og konur unnu að jafnaði 44 klst. sem er einnig meira en konur í VR árið 2003.

6. Sanngjörn laun

Þátttakendur voru spurðir hvaða mánaðarlaun (grunnlaun) þeim fyndust sanngjörn fyrir sína vinnu og voru þeir sérstaklega beðnir um að miða við laun fyrir fullt starf (bakgrunnstöflur V.9 og V.10, bls.50-51). Meðaltal þeirra launa sem fólki fannst sanngjarnt að fá var 291 þús. kr. í grunnlaun á mánuði.

Þegar meðaltal þeirra launa sem fólk taldi sanngjörn var skoðað út frá bakgrunnsþáttum kom í ljós að á heildina litið endurspegluðu þau launadreifinguna eins og hún var í könnuninni sjálfri. Sem dæmi má taka að karlar nefndu hærri upphæð en konur og yngsti aldurshópurinn nefndi lægri upphæð en aðrir aldurshópar. Ekki kom á óvart að því hærri heildarlaun sem fólk var með á mánuði því hærri laun taldi það sanngjarnt að fá fyrir vinnu sína. Þau mánaðarlaun sem svarendur töldu sanngjörn voru að jafnaði um 50% hærri en þau **mánaðar**laun sem þeir fengu í raun. Þeir sem voru í lægsta launahópnum nefndu laun sem voru 58% hærri en raunveruleg mánaðarlaun þeirra, þeir sem voru í næstu tveimur launahópum fyrir ofan (með á bilinu 150.001-250 þús. kr. á mánuði) nefndu laun sem voru rúmlega 50% hærri en raunveruleg laun þeirra og þeir sem voru í efstu launahópnum þremur nefndu laun sem voru um 45% hærri en þau laun sem þeir fengu í raun. Þeir sem lokið höfðu grunnskólaprófi og þeir sem lokið höfðu stuttu starfsnámi voru þeir hópar sem nefndu að jafnaði lægstu launin sem þeir töldu sanngjörn fyrir sína vinnu. Þeir sem lokið höfðu lengra háskólanámi nefndu hæstu launin og endurspeglar það launadreifinguna eins og hún var í könnuninni.

Stjórnendur voru þeir sem nefndu að jafnaði hæstu launin sem þeir töldu sanngjörn en skrifstofufólk, starfsfólk við umsjón, þjónustu eða afgreiðslu og ósérhæft starfsfólk þau lægstu. Þar sem starfsmenn voru 101-500 talsins á vinnustað voru mánaðarlaunin hvað hæst og það voru einmitt starfsmenn á þeim vinnustöðum sem nefndu hæstu launin sem þeir töldu sanngjörn samanborið við fjölmennari eða fámennari vinnustaði. Þeir starfsmenn sem störfuðu á deild/starfsstöð þar sem konur voru í miklum meirihluta voru þeir sem nefndu lægstu launin þegar þeir voru spurðir hvaða mánaðarlaun þeim þótti sanngjörn fyrir sína vinnu.

Tafla V.9. Hvaða mánaðarlaun (grunnlaun) finnst þér sanngjörn fyrir þína vinnu?		
	<i>Meðaltal</i>	
	<i>í þús. kr.</i>	<i>Fjöldi</i>
<i>Kyn***</i>		
Karlar	323	372
Konur	281	1172
<i>Aldur***</i>		
19-34 ára	272	312
35-44 ára	290	375
45-54 ára	306	504
55 ára og eldri	290	343
<i>Búseta***</i>		
Höfuðborgarsvæðið	299	973
Landsbyggðin	278	568
<i>Gift/sambúð</i>		
Já	293	1226
Nei	284	309
<i>Börn á framfæri**</i>		
Ekkert barn á framfæri	281	587
1-2 börn	298	688
3-6 börn	297	254
<i>Heildarlaun á mánuði***</i>		
kr. 150.000 eða minna	186	80
kr. 150.001 til 200.000	238	200
kr. 200.001 til 250.000	283	296
kr. 250.001 til 300.000	307	249
kr. 300.001 til 400.000	341	257
Meira en kr. 400.000	386	167
<i>Menntun***</i>		
Grunnskólapróf	202	111
Stutt starfsmenntun	211	148
Lengri starfsmenntun á framhalds- og sérskólastigi	251	95
Iðnmenntun	264	63
Bókleg framhaldsskólamenntun	228	104
3ja ára eða styttri háskólamenntun	307	651
Lengri háskólamenntun	359	346

Tafla V.10. Hvaða mánaðarlaun (grunnlaun) finnst þér sanngjörn fyrir þína vinnu?

	<i>Meðaltal</i>	
	<i>í þús. kr.</i>	<i>Fjöldi</i>
<i>Starfsstétt***</i>		
Stjórnendur	356	293
Kennarar	300	372
Sérfræðingar	325	379
Sérmenntað starfsfólk	250	213
Skrifstofufólk	203	95
Starfsfólk v. umsjón/þjónustu/afgreiðslu	197	136
Ósérhæft starfsfólk	198	49
<i>Atvinnugrein stofnunar/fyrirtækis**</i>		
Heilbrigðis- og félagsgeirinn	287	453
Menntageirinn	297	674
Opinb. stjórnsýsla í ráðuneytum og sveitarfélögum	316	87
Önnur opinber stjórnsýsla	299	96
Önnur opinber þjónusta	272	94
<i>Rekstrarform***</i>		
Ríkisstofnun	304	716
Sveitarfélag	282	622
Hlutafélag í eigu hins opinbera	206	32
Félagasamtök eða sjálfseignarstofnun	280	78
Sameignarfélag eða byggðasamlag	270	41
Einkafyrirtæki	348	39
<i>Heildarfjöldi starfsmanna**</i>		
20 eða færri starfsmenn	281	243
21-50 starfsmenn	284	307
51-100 starfsmenn	300	396
101-500 starfsmenn	304	314
Fleiri en 500 starfsmenn	290	228
<i>Fjöldi starfsmanna á deild/starfsstöð***</i>		
5 eða færri starfsmenn	276	292
6-10 starfsmenn	285	329
11-20 starfsmenn	296	303
21-50 starfsmenn	297	389
Fleiri en 50 starfsmenn	323	144
<i>Kynjahlutfall á deild/starfsstöð***</i>		
Mikill meirihluti eru konur	281	953
Nokkur meirihluti eru konur	307	186
Svipað kynjahlutfall	317	198
Nokkur meirihluti eru karlar	307	71
Mikill meirihluti eru karlar	301	125

VI. Mat á starfsumhverfi

Í þessum kafla verður kynnt mat félagsmanna BHM, BSRB og KÍ á starfsumhverfi sínu. Þátttakendur voru spurðir hvaða þætti þeir töldu vera mikilvæga í starfi og hvaða samningaleið þeir teldu best tryggja réttindi sín og launakjör. Spurt var um formlegt matskerfi á vinnustað, um launamál og afstöðu varðandi uppsagnarréttindi atvinnurekenda. Í lok kaflans verður fjallað um þær niðurstöður sem tengjast mati á starfsumhverfi eftir bakgrunni.

1. Mikilvægustu atriði í starfi


Svarendur voru beðnir að merkja við fimm atriði, af 18 atriða lista, sem þeir töldu mikilvægust í starfi og að raða þeim einnig í mikilvægisröð. Fyrst verða kynntar niðurstöður um þau atriði sem flestir nefndu sem mikilvægust án tillits til forgangs röðunar. Í töflu VI.1 má sjá öll 18 atriðin og hlutfall þeirra sem merktu við hvert og eitt. Þar sem svarendur voru beðnir um að merkja við fimm atriði er hlutfall svarenda hærra en 100%. Flestir, eða 70%, merktu við *góð laun* og næstflestir, eða 63%, við *þægilegt samstarfsfólk*. Tæpur helmingur taldi að eitt af 5 mikilvægustu atriðunum væri að *starfið væri áhugavert*, 40% fannst mikilvægt að *sjá árangur af starfi sínu* og tæp 40% töldu *örugga ráðningu* mikilvæga.

Tafla VI.1. Fimm mikilvægustu atriði í starfi

	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall af svörum</i>	<i>Hlutfall af svarendum*</i>
Góð laun	1121	14,0	69,5
Þægilegt samstarfsfólk	1015	12,6	62,9
Áhugavert starf	772	9,6	47,8
Sjá árangur af starfi	646	8,0	40,0
Örugg ráðning	621	7,7	38,5
Góð réttindi, s.s. lífeyris- og sjúkraréttindi	558	7,0	34,6
Góð vinnuskilyrði	541	6,7	33,5
Aðgangur að símenntun	458	5,7	28,4
Möguleikar á að sýna frumkvæði	400	5,0	24,8
Starfið samsvari eigin hæfileikum	375	4,7	23,2
Starfið njóti almennrar virðingar	318	4,0	19,7
Sveigjanlegur vinnutími	314	3,9	19,5
Ábyrgðarmikið starf	247	3,1	15,3
Starfið gagnlegt fyrir þjóðfélagið	196	2,4	12,1
Góð orlofsréttindi	126	1,6	7,8
Góðir möguleikar á stöðuhækkun	122	1,5	7,6
Ekki of mikið álag	104	1,3	6,4
Að hitta fólk	91	1,1	5,6
Alls	8025	100,0%	497,2%

* Svarendur voru beðnir að nefna fimm atriði, því er hlutfall svarenda alls yfir 100%


Því næst voru þátttakendur beðnir að raða atriðunum fimm, sem þeir töldu vera mikilvægust í starfi, í forgangsröð. Stærsti hópurinn setti *góð laun* í fyrsta sæti, eða tæp 27%. Fimmtungur taldi mikilvægast að *starfið væri áhugavert* og 12-13% merktu við *örugga ráðningu* og *þægilegt samstarfsfólk* (sjá mynd VI.1).



Mynd VI.1. Mikilvægasta atriði í starfi

Aðeins eru sýnd þau atriði sem yfir 1% þátttakenda merkti við.

Góð laun voru einnig efst á lista yfir þau atriði sem svarendur settu oftast í annað sæti í forgangsröð. Tæp 13% nefndu *þægilegt samstarfsfólk* og um 9% *góð réttindi*, *áhugavert starf* og *að sjá árangur í starfi* (sjá mynd VI.2).




Mynd VI.2. Annað mikilvægasta atriði í starfi

Aðeins eru sýnd þau atriði sem yfir 1% þátttakenda merkti við.

Í töflu VI.2 á bls. 61, í lok kaflans, má sjá heildarniðurstöður forgangsroðunarinnar.

2. Besta leið til að tryggja réttindi og launakjör


Þátttakendur voru spurðir hvaða leið tryggði að þeirra mati best réttindi þeirra og launakjör og var með réttindum t.d. átt við lífeyris-, orlofs-, veikinda- og fæðingarorlofsrétt. Svarmöguleikana má sjá í mynd IV.3 (bakgrunnstöflur VI.3-VI.5, bls. 64-65). Stærsti hópurinn taldi þá leið best tryggja réttindi sín að stéttarfélag semdi um kjarasamning fyrir hönd allra félagsmanna sinna, bæði réttindi og launakjör (sjá mynd VI.3). Rúmlega þriðjungur valdi þá leið að stéttarfélagið semdi um réttindi og launataxta en samið væri sérstaklega um grunnroðun starfa og persónubundna þætti í stofnanasamningum. Fæstir töldu það best tryggja réttindi sín að semja sjálfir beint við atvinnurekanda bæði um réttindi og launakjör.



Mynd VI.3. Hver af eftirtöldum leiðum tryggir að þínu mati best réttindi þín og kjör?

3. Formlegt matskerfi og áhrif þess á laun

Þátttakendur voru spurðir hvort á vinnustað þeirra væri *formlegt matskerfi*, til dæmis bónuskerfi, frammistöðu- eða hæfnismat, sem hefði áhrif á laun starfsfólks. Þar sem slíkt matskerfi var til staðar var spurt hvort matskerfið hefði áhrif á þeirra eigin laun (bakgrunnstöflur VI.6-VI.11, bls. 66-69). Eins og sjá má á mynd VI.4 var formlegt matskerfi á vinnustað rúmlega fjórðungs svarenda og hafði það áhrif á laun hjá um það bil 76% þeirra.




*Aðeins svör þeirra sem segja formlegt matskerfi vera á vinnustað sínum.

Mynd VI.4. Formlegt matskerfi á vinnustað

Ef formlegt matskerfi var á vinnustað var spurt hversu *sanngjarnt* eða *ósanngjarnt* svarendum fyndist það kerfi (bakgrunnstöflur VI.12-VI.14, bls. 70-71). Þótti tæplega 40% matskerfið vera *mjög* eða *frekar sanngjarnt* en 34% þótti það *frekar* eða *mjög ósanngjarnt*. Um það bil 27% höfðu hlutlaust viðhorf til matskerfisins.

4. Sátt við laun og mat á launakjörum

Þátttakendur voru spurðir hversu *sáttir* eða *ósáttir* þeir væru við þau laun sem þeir fengu fyrir vinnu sína og hvort þeir teldu launakjör á sínum vinnustað *betri*, *svipuð* eða *verri* en á öðrum sambærilegum vinnustöðum (bakgrunnstöflur VI.15-VI.20, bls. 72-75). Tveir af hverjum þremur sögðust vera *frekar* eða *mjög ósáttir* við þau laun sem þeir fengu fyrir sína vinnu og aðeins 4% sögðust *mjög sáttir* við laun sín (sjá mynd VI.5).




Mynd VI.5. Ert þú sátt(ur) eða ósátt(ur) við þau launakjör sem þú færð fyrir þína vinnu?

Flestir töldu launakjör sín vera svipuð og annars staðar, eða um 60% þátttakenda. Um þriðjungur taldi launakjör vera verri á þeirra vinnustað en á öðrum sambærilegum.

5. Laun sem trúnaðarmál

Spurt var hvort farið væri með laun sem trúnaðarmál á vinnustað og hvort viðkomandi teldi það vera *betra* eða *verra* fyrir kjör launafólks almennt að laun væru trúnaðarmál (bakgrunnstöflur VI.21-VI.26, bls. 76-79). Mynd VI.6 sýnir annars vegar hvernig svör þátttakenda skiptast þegar þeir voru spurðir hvort farið væri með laun sem trúnaðarmál á vinnustað þeirra (bláar súlur) og hins vegar hlutfall þeirra sem telja það *verra* fyrir kjör launafólks almennt að laun séu trúnaðarmál (rauð súla). Eins og sjá má sagði tæpur helmingur svarenda að farið væri með laun sem trúnaðarmál á vinnustað sínum hvort sem það var að kröfu atvinnurekenda eða vegna þess að um það ríkti þegjandi samkomulag. Um 65% þátttakenda töldu það beinlínis *verra* fyrir kjör launafólks að laun væru trúnaðarmál en 13%% töldu það *betra* fyrir kjör fólks. Fimmtungur taldi það ekki skipta máli.



Mynd VI.6. Launakjör sem trúnaðarmál

6. Uppsagnarréttindi atvinnurekenda

Að síðustu voru þátttakendur spurðir hvort þeir teldu það ásættanlegt eða ekki að atvinnurekandi hafi rétt til að segja starfsfólki upp störfum a) án þess að tilgreina ástæðu, b) án þess að starfsfólki væri fyrst veitt áminning og c) án þess að starfsfólki leyfðist að koma við andmælum (bakgrunnstöflur VI.27-VI.35, bls. 80-85). Yfirgnæfandi meirihluti eða yfir 90% svarenda töldu ekkert af þessu þrennu ásættanlegt (á bilinu 92-98% svarenda).

7. Samanburður við VR

Í launakönnun VR árið 2004 kom fram að karlmenn voru sáttari en konur við laun sín (VR, 2004). Árið 2003 reyndist aftur á móti ekki munur á körlum og konum hjá VR þegar kom að sátt við laun. Það árið sagðist rúmlega helmingur svarenda sáttur við launin sín og að auki voru tæp 9% sem sögðust *mjög sáttir*. Af þeim 40% sem sögðust ósáttir við laun sín voru um 6% *mjög ósáttir* (Andrea G. Dofradóttir o.fl., 2003). Rétt eins og hjá félagsmönnum VR 2004 reyndust karlar í BHM, BSRB og KÍ sáttari við laun sín en konur. Ef sátt félagsmanna í BHM, BSRB og KÍ er borin saman við sátt félagsmanna í VR árið 2003 má sjá að hlutfallslega fleiri þeirra fyrrnefndu sögðust *frekar* eða *mjög ósáttir* við laun sín en þeir síðarnefndu auk þess sem færri sögðust *mjög sáttir* við laun sín.

Ef svör félagsmanna BHM, BSRB og KÍ eru borin saman við niðurstöður sem koma fram í skýrslu Rögnu Benediktu Garðarsdóttur (2002) kemur í ljós að árið 2002 voru félagsmenn VR mun síður þeirrar skoðunar að launakjör á vinnustað sínum væru

heldur eða mun verri en á öðrum sambærilegum vinnustöðum en félagsmenn BHM, BSRB og KÍ árið 2004.

8. Starfsumhverfi og bakgrunnspættir

Greint hefur verið almennt frá niðurstöðum um afstöðu svarenda til starfsumhverfis og mun nú verða fjallað um þann mun sem kom fram þegar litið var til ákveðinna bakgrunnspáttu, þ.e. kyns, aldurs, búsetu, launa, menntunar og starfsstéttar. Eingöngu er fjallað um tölfræðilega marktækan mun milli hópa. Niðurstöðurnar í heild sinni eru settar fram í bakgrunnstöflum VI.3-VI.35 á bls. 64-85.

Kyn: Hlutfallslega fleiri körlum en konum fannst það formlega matskerfi sem var á vinnustaðnum sanngjarnt auk þess sem karlar voru að jafnaði sáttari við laun sín heldur en konur. Hvað varðar spurningarnar um rétt atvinnurekenda til uppsagna starfsfólks þótti hærra hlutfalli karla það í öllum tilvikum frekar ásættanlegt en kvenna þó um væri að ræða lítinn hóp karla (á bilinu 5-15%).

Aldur: Þeir sem voru 55 ára og eldri voru frekar á þeirri skoðun en þeir sem yngri voru að best væri að láta stéttarfélag semja um kjarasamninga fyrir hönd allra félagsmanna sinna. Þeir sem voru 19-34 ára töldu öðrum fremur að best væri að semja sjálfur um launakjör og láta stéttarfélag sjá um að semja um réttindi. Hvað varðar sátt við launakjör voru 55 ára og eldri að jafnaði sáttari við laun sín en yngra fólkið. Þó meirihluti svarenda í öllum aldurshópum töldu það verra fyrir kjör fólks að farið væri með laun sem trúnaðarmál voru hlutfallslega fæstir þeirrar skoðunar í yngsta aldurshópnum (34 ára og yngri).

Búseta: Hærra hlutfall þeirra sem bjuggu á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu töldu það vera best að stéttarfélög semdu um kjarasamninga, bæði réttindi og launakjör. Hærra hlutfall svarenda á höfuðborgarsvæðinu vildu heldur semja sjálfir um launakjör og láta stéttarfélag semja um réttindi. Formleg matskerfi voru frekar notuð á vinnustöðum á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Þeir sem bjuggu á höfuðborgarsvæðinu töldu frekar að launakjör sín væru heldur eða mun verri en á öðrum sambærilegum vinnustöðum. Á höfuðborgarsvæðinu var farið með laun sem trúnaðarmál að kröfu atvinnurekanda í meira mæli en á landsbyggðinni. Auk þess kom fram að svarendur úti á landi voru frekar þeirrar skoðunar en svarendur á höfuðborgarsvæðinu að það skipti ekki máli hvort laun væru trúnaðarmál eða ekki.


Heildarlaun á mánuði: Fólk í lægri launahópum (250 þús. kr. eða minna) taldi frekar en fólk með hærri laun að best væri að láta stéttarfélag semja um réttindi og launakjör fyrir alla félagsmenn. Aftur á móti var fólk í hærri launahópum að jafnaði frekar á því að best væri að stéttarfélag semdi um réttindi og launataxta en að samið væri um grunnröðun starfa og persónubundna þætti sem hafa áhrif á laun í stofnanasamningum. Hvað varðaði spurningar um matskerfi kom í ljós að því hærri heildarlaun sem svarendur höfðu því líklegra var að formlegt matskerfi væri á vinnustað þeirra. Með þeirri undantekningu að aðeins ólíklegra var að þeir sem höfðu hæstu launin hefðu formlegt matskerfi, en þeir sem höfðu 300.001-400 þús. kr. í heildarlaun á mánuði. Ekki kom á óvart að því lægri laun sem fólk hafði því ósáttara var það með þau laun sem það fékk fyrir vinnu sína. Þeir sem höfðu meira en 400 þús. kr. í heildarlaun á mánuði töldu fremur en aðrir að launakjör sín væru betri en á öðrum sambærilegum vinnustöðum. Hlutfallslega fleiri þeirra sem voru með 150 þús. kr. eða minna eða 150.001-200 þús. kr. en þeir sem hærri laun höfðu töldu það ekki skipta máli hvort laun væru trúnaðarmál.

